



**Varðandi:** Innra skipurit stjórnisýslu- og fjármálasviðs  
**Málsnúmer:** 1608197  
**Dagsetning:** 31. ágúst 2016

---

#### TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir nýtt skipurit stjórnisýslu- og fjármálasviðs þar sem lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

- Fjármáladeild og bókhaldsdeild verða sameinaðar í eina fjármáladeild. Verkefni deildarinnar felast í fjárreiðum, áætlanagerð og bókhaldi. Núverandi fjármálastjóri tekur stöðu verkefnastjóra fjárreiðudeildar og ráðinn verður nýr fjármálastjóri hjá Akraneskaupstað. Stöðugildi í fjármáladeild verða 6 að meðtöldum fjármálastjóra.
  - Launamálin munu áfram tengjast mannauðsmálunum og staða deildarstjóra launamála vera óbreytt. Starfsmaður í 80% starfi sem er nú staðsettur í bókhaldsdeild mun færast yfir í launadeild. Stöðugildi í launamálum verða 1,8.
  - Starf verkefnastjóra á stjórnisýslu- og fjármálasviði tekur breytingum og tekur verkefnisstjóri við starfi sem teymisstjóri þjónustudeildar en öðrum stöðugildum í þjónustudeild verður fækkað um eitt þar sem tveir starfsmenn láta af störfum á næstu vikum. Starfsmaður sem nú er í 50% starfi launafulltrúa verður boðin 100% staða í þjónustudeildinni en ekki verður ráðið í hina stöðuna. Stöðugildi í þjónustudeild að meðtöldum teymisstjóra og starfsmanni í ræstingum verða 5.
- 

#### GREINARGERÐ:

Í hvert sinn sem eðlilegar breytingar verða á starfsmannahaldi vegna stafsmannaveltu er nauðsynlegt að staldra við og íhuga vel næstu skref og ákvarðanir um mönnum.

Undirritaður telur nauðsynlegt að styrkja fjármálasviðið annars vegar til að geta mætt þeim kröfum sem uppi eru um þjónustustig, hvort sem litið er inn á við í þjónustu við stofnanir



## Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður eða til bæjarfulltrúa og hins vegar til að mæta ítrekuðum ábendingum og athugasemdum frá starfsmönnum sviðsins um jöfnun álags.

Breytingar í þessa veruna hafa verið ræddar undanfarin misseri en fjármálastjóri hefur sjálfur tekið þátt í mótun þessarar tillögu.

Breytingin í stórum dráttum felur í sér að tveir starfsmenn í samtals 1,8 stöðugildi munu láta af störfum, annar þann 1. október nk. og hinn 6. janúar 2017. Ráðinn verður inn nýr fjármálastjóri og starfshlutfall eins starfsmanns aukið um 50%. Því er um raunlækkun stöðugilda að ræða sem nemur 0,3. Hins vegar er ljóst að stöðugildi fjármálastjóra er mun dýrara sem kallar á auknar fjárheimildir en gert verður ráð fyrir tilfærslu af öðrum rekstrarliðum. Augljós kostur er fólgin í að geta nýtt þekkingu núverandi fjármálastjóra áfram til að koma nýjum aðila inn í starfið en einnig mun sérfræðiþekking hans nýtast til ýmissa verkefna sem hafa setið á hakanum vegna álags svo sem greining lífeyrismála, vinnsla úrbóta vegna athugasemda í endurskoðuðunarskýrslum undanfarinna ára ofl. en einnig getur hann leyst verkefni þvert á allar einingar sviðsins. Þá mun gefast kostur að veita forstöðumönnum betri stuðning í fjárhagsáætlunargerð Akraneskaupstaðar.

Ofangreindar breytingar hafa verið ræddar við viðkomandi starfsmenn. Það mun taka ákveðinn tíma þar til breytingarnar verða komnar í fulla virkni en samráð verður viðhaft við starfsmenn í breytingarferlinu í samræmi við nútíma stjórnunarhætti.

Með vísan til framanritaðs gerir undirritaður ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllst,

Steinar Adolfsson,

sviðsstjóri